



SANDKORN

Árshátíðarblað Grunnskólans í Sandgerði
2003



Meðal efnis:

- Framtíðarspá
- Viðtöl
- Brandarar
- Stjörnuspá
- Gula pressan
- Morðsaga
- Kennaraskop
- Nemendaskop
- Dr. Sáli
- Sjúkrasaga
- o.fl.



Hallo alle sammen!!!!

Nú er loksins komið að árshátiðinni sem allir hafa beðið eftir og Sandkorn hefur aldrei verið glæsilegra.


Við viljum þakka þeim FÁU sem sendu inn efni í blaðið en það hefðu alveg mátt vera fleiri!! En svona er þetta bara!!

*Við vonum samt að allir skemmti sér
vel í kvöld undir stjórn
hljómsveitarinnar MÁT.*

oo

Blaðanefndin:

Margrét	10. bekk
Katrín	10. bekk
Magga	10. bekk
Sveinbjörg	9. bekk
Sólrun	9. bekk
Hafrún	8. bekk
Vigfús	8. bekk
Diddi	7. bekk
Gabriel	7. bekk



SANDKORN
gefið út 13. mars 2003
í tilefni árshátíðar
Grunnskólans í Sandgerði

ÁRSHÁTÍÐ . . . HMMM . . . GAMAN

Það er alltaf gaman þegar kemur að árshátíð. Fólk hefur sig til og fer í sitt finasta púss og allir sameinast um að skemmta sér sem best. Stór þáttur í árshátiðarstandi er að líta um öxl og rifja upp það sem stendur upp úr á liðnu starfsári.

Veturinn í Skýjaborg hefur verið fjörugur og hressilegur. Eftir að ballið byrjaði á sundlaugarpartý í ágústlok hefur ýmislegt verið brallað. Nemendaráðið tók að venju þátt í Landsmóti Samfés, sem að þessu sinni fór fram í Kópavogi. Stuttu áður tók ráðið þátt í Ungmennanámskeiði SamSuð sem fór fram í Vogum í september og öll nemendaráð á Suðurnesjum tóku þátt í. Glæsileg Stílkeppni fór fram í Skýjaborg og sigurvegararnir tóku þátt í stóru Stílkeppninni í Kópavogi og stóðu sig vel. Fríða Dís sigraði í Karaokekeppni Skýjaborgar og tók þátt bæði í Karaokekeppni SamSuð í Keflavík og Söngkeppni Samfés í Reykjavík. Hún stóð sig frábærlega og var einn af 15 keppendum í Laugardalshöll sem komust á geisladisk sem Samfés gefur út. En hún gerði þetta ekki ein því að það var glæsilegur 6 manna danshópur með henni á svíðinu í Höllinni – glæsilegt stelpur! Á sama tíma og Fríða var að syngja varð Aron Örn Reynisson hvorki meira né minna en Samfésmeistari í PlayStation – frábært!

Síðasta föstudag fór stór hópur af glæsilegum unglungum úr Sandgerði og skemmti sér frábærlega á Samfésballi í Kaplakrika í Hafnafirði ásamt 3000 öðrum unglungum alls staðar af landinu. Þetta er bara brot af því sem hefur verið gert... það er ekki hægt að minnast á allt.

Eins og alltaf stendur og fellur starfið í Skýjaborg með þeim sem taka þátt í því. Áhugasamir og virkir unglingar eru lykillinn að góðri og lifandi félagsmiðstöð.

Gleðilega árshátíð,
Ólafur Þór Ólafsson
íþrótt- og tómstundafulltrúi

Kosningar 2003

Ungfrú Sandgerðisskóli:	Fríða Dís Guðmundsdóttir
Herra Sandgerðisskóli:	Hergeir Már Rúnarsson
Vinsælasta manneskjan:	Linda Stefanía Ásgeirsdóttir
Kroppur ársins:	Guðjón Mikael Bollason
Bros ársins:	Sigmar Hjálmarsson
Hlátur ársins:	Sólrun Mary Gunnarsdóttir
Hrakfallabálkur ársins:	Sólrun Mary Gunnarsdóttir
Fatafrík ársins:	Katrín Pétursdóttir
Íþróttagarpur ársins:	Sigmar Hjálmarsson
Hár ársins:	Finnbjörn Benónýsson
Augu ársins:	Dircelen Gomes Almeida
Félagsvera ársins:	Sigmar Hjálmarsson
Brandarakarl ársins:	Karl Gunnarsson
Dúlla ársins:	Sigurður Þorsteinsson
Tölvu-sjení ársins:	Benedikt Örn Ívarsson
Fjörkálfur ársins:	Karl Gunnarsson
Gáfnaljós ársins:	Andrés Pétur Guðfinnsson
Egó ársins:	Hrefna Kristinsdóttir



Stjörnuspá

Steingeitin: Kvöldið verður rólegt hjá þér. OK rólegt er gott en of rólegt er ekki gott! Það er ekki gaman að sjá sofandi fólk á árshátið. Taktu þér tak, fáðu þér súkkulaðistykki og skelltu þér í trylltan dans.

Vatnsberinn: Allur er varinn góður en það þýðir ekki að þú þurfir að mæta með hjálm og hnéhlífar. Þú ættir að fylgjast vel með þeim í ljóninu. Happatölur eru 7 og 15.

Fiskarnir: Ekki láta allt og alla fara í taugarnar á þér. Það hafa allir sína galla en það er gott að geta séð kostina líka. Ef þú ert stelpa þá skaltu fylgjast vel með hljómsveitinni, þú gætir átt séns.

Hrúturinn: Ef þú tókst ekki þátt í leikritinu þá hefðirðu átt að gera það. Þetta er kvöld hrútsins og allar tölur eru happatölur þínar og þú átt séns í öll stjörnumerkini.

Nautið: Kunningjar eru ágætir en vinir eru betri. Þú skalt muna að taka vinum þínunum ekki sem sjálfsögðum hlut. Og nú er eins gott að þú tókst vel eftir í dönskutímum því það mun koma sér vel í kvöld.

Tvíburarnir: Hver nennir að vera í fílu á þessu ágæta kvöldi? Allavega ættir þú ekki að vera í þeim bissnes. Það fer þér iniklu betur að brosa. Hristu af þér slenið og brandarana með.

Krabbinn: Þú leikur á als oddi í kvöld og allir vilja vera nálægt þér. Þá er nú eins gott að þú mundir eftir að þvo þér undir höndunum. En hver hefur áhyggjur af svoleiðis í kvöld? Vertu þú sjálf/ur og skemmtu þér vel.

Ljónið: Leggðu nú vígtunnurnar á hilluna og vertu sáttur við óvini þína en mundu að stundum er maður sjálfur sinn versti óvinur. Vertu sátt/ur við sjálfa/n þig og alla í kringum þig. Fylgstu vel með þeim í vatnsberanum. Happatölur eru 10 og 2.

Meyjan: Þú ættir að hlæja meira þú hefur líka svo fallegan hlátur og þú ættir að leyfa öðrum að njóta hans. Sælla er að gefa en að þiggja. Happatölur eru 12 og 3.

Vogin: Ástin blómstrar í kvöld en ekki leyfa illgresinu að vaxa. Hatur er af hinu illa og þú ert líka sköpuð/skapaður til að elsk aðra. Njóttu lífsins og því sem það hefur að bjóða.

Sporðrekinn: Ímyndunaraflið þitt er mikið þessa dagana og það er gott. Þú átt góða vini sem skilja þörf þína til að tjá þig. Notaðu ímyndunaraflið líka í dansinn og gerðu eithvað annað en hliðar-saman-hliðar.

Bogamaðurinn: Þig dreymdi illa í nótt en þú skalt ekki láta það á þig fá. Stjörnurnar og örlogin vinna með þér í kvöld og einhvers staðar hefur heyrst að bogamenn séu góðir hlustendur og að maður er manns gaman.

Dr. Sáli

Kæri Dr. Sáli!!

Ég á í smá vanræðum með kærastann minn. Ok ég verð bara að vera hreinskilin. Hann er svo ógeðslega andfúll að það liggar við að ég kafni þegar ég kyssi hann. Ég er búin að reyna allt, ég gaf honum tannbursta (með rafmagni), keypti flúo, smint mintu, hálsbrjóstsykur, karton af extra og meira að segja nýja Colgate tannkremið. En það bara gengur ekkert. Hvað á ég að gera???

Ein með æluna í hálsinum^{:(}

Kæra "ein með æluna í hálsinum"

Það sem þú er að glíma við er mjög algengt hjá unglungum og reyndar fullorðnum líka. Það er svo sem ekkert hægt að gera við þessu nema að biðja hann að fara til hómopata því hann getur sagt honum hvað hann má borða svo það komi ekki andfýla. Gangi þér vel!

Elsku Dr. Sáli.....!

Vandamálið mitt er virkilega sjaldgæft og ég skammast mín þvílíkt fyrir þetta. Þannig er að þegar ég er kominn í skólann þá á ég mjög erfitt með að halda vissum lofttegundum í skefjum. Þetta er svo alvarlegt að fólk er farið að grípa fyrir nefið þegar það heyrast búkhljóð frá mér. Hvað get ég gert?? Ekki segja mér að halda þessu inn í mér, ÉG BARA GET PAD EKKI!!

Herra Fart

Kæra Herra Fart

Þetta er svo sem ekkert til að skammast sín fyrir því að þetta er mannlegt. Mín ráð til þín eru að láta þetta bara vaða eða fara á salernið með þessi mál. Gangi þér vel!

- Hvað þarf ég að gefa þér til að mega kyssa þig einn koss?
- Svefnlyf!

Naflaskoðun

Nafn: Karl Gunnarsson.

Hvaða bekk ertu í?: 10. RÁS

Sefurðu í náttfötum?: Nei

Ef þú værir forseti í einn dag hvað myndirðu gera?: Ég bara veit ekki.

Með hvaða fótboltaliði heldurðu?: Arsenal.

Hvernig er tannburstinn þinn á litinn?: Silfraður.

UPPÁHALDS.....

...matur: Fiskklattar.

...drykkur: Mjólk.

...íþrótt: Fótbolti.

...hljómsveit: Master P.

...lag: Ekkert sérstakt.

...kvíkmynd: The fast & the furious.

...kennari: Guðjón.

Ef þú værir á eyðieyju og mættir taka með þér 3 hluti, hvaða hlutir væru það?: Ísskáp, rúm og bíl.

Gula Pressan

Heyrst hefur.....

.....að Hrefna ætli að kaupa sér rafmagnshárbursta sem greiðir á henni hárið þegar það ruglast.

.....að stofna eigi grát- og snýtistofu eftir seinustu sprautur.

.....að Elín Birna ætli að fara með þremur ef ekki fleiri gæjum á árshátíðina.

.....að Hafrún hafi fengið tilboð um að skrifa kvíkmyndahandrit fyrir Steven Spielberg!!!

.....að Magga ætli að stofna ferðaskrifstofu sem sérhæfir sig í gönguferðum milli Keflavíkur og Sandgerðis.

.....að Garðar stefni á rollubransann eftir grunnskóla.

.....að Sveinbjörg verði sú fyrsta til að panta ferð hjá ferðaskrifstofu Möggu og stefnir hún að því að laga í sér jafnvægisskynið með því.

.....að Pála ætli að sækja um starf í Nágrönum í stað Ellyar.

.....að Ásdís muni verða striker í Liverpool og hún muni verða með Michael Owen. Hann muni verða sextugur þegar þau hittast!!!

.....að Diddi ætli að fara fá sér nýtt og stærra rúm til að taka með sér inn á öll heimili sem hann kemur inn á!!!!



MORDGÁTAN

Smásaga eftir Karenu Helgu Karlsdóttur

Lögreglan fékk tilkynningu klukkan 20:10 að lík hafi fundist í kirkjugarðinum í Grafarvogi. Lögreglan mætti á staðinn tveimur mínútum síðar og það var ekki góð aðkoma; líkamshlutar lágu út um allt og höfuðið á fallegri stúlkum var hengt efst á krossinn á einu leiðinu.

Stefán, löggreglumaður á þrítugsaldri, tveggja barna faðir og hraustlegur að sjá, sá um rannsóknina. Hann ráfaði um staðinn og stelpa, eitthvað um ellefu ára, sat með teppi utan yfir sig, alveg í losti og var að reyna að tjá sig við einn af löggregluþjónunum. Hún var vitni að þessum hræðilega atburði.

“Ég.....var.....að.....hjóla....vinkona mín...” Hún reyndi að segja hvernig hún kom að þessu og hvert hún hafi verið að fara en kom bara út nokkrum orðum.

Löggregluþjónninn, sem var miðaldrakona, var þolinmóð og reyndi að hjálpa litlu stelpunni eins og hún gat.

Rannsóknarmaðurinn kallaði á Stefán og sagðist hafa fundið eitthvað. Stefán rauk af stað þar sem rannsóknarmaðurinn stóð og þar lá bréf. Í því stóð: “Hún var of falleg.”

Stefán fór strax með það inn á rannsóknarstofu að athuga hvort fingraför væru sjáanleg. “Hún var of falleg.” var það sem Stefán botnaði ekkert í en hann þurfti að rannsaka hvort þetta morð væri tengt öðrum morðum.

Og hann hafði rétt fyrir sér, það var annað nokkuð líkt í kirkjugarðinum á Selfossi og þar hafði verið miði sem á stóð: “Hún var of stór.”

Þetta var orðið frekar dularfullt og allt í einu hringir síminn og á hinni línunni var Kolbrún, samstarfsmaður hans, sem hjálpaði litlu telpunni í kirkjugarðinum. Hún sagði að það væri annað morð og að fórnarlambið væri stelpa í kirkjugarðinum í Fossvogi “og svo er annað, stelpan sem var myrt í Grafarvogi er frá Suðurnesjum og ég held að þessi sé það líka,” sagði hún.

Stefán fór á staðinn og þar lá ung stúlka um tvítugt, hálfnakin og þar lá miði: “Hún var of flott, ég er hættur!!”

Stefán komst að því að þær ættu tvennt sameiginlegt; þær voru allar frá Suðurnesjum og þær komu allar til Reykjavíkur og seldu sig.

Stefán og Kolbrún fóru til Suðurnesja og komust að því að ein þeirra var úr Grindavík, ein úr Keflavík og ein úr Garðinum en engin úr Sandgerði.


Allt í einu hringir síminn hjá Stefáni og hann svarar og á hinni línunni var alveg hljótt og svo allt í einu var sagt:

“Hvar ertu?” Stefán hikaði og sagði svo:

“Í Garðinum, hver er þetta?”

“Komdu í Sandgerði, ég er þar.” Svo var skellt á.

Stefán og Kolbrún fóru strax til Sandgerðis og það kom liðsauki frá löggreglunni í Keflavík. Maðurinn var handtekinn tuttugu mínútum síðar fyrir þrjú hrottaleg morð.



SAMHÆFNI^{ehf}
TÆKNILAUSNIR

DVD – skrifarar

Fartölvur

Borðtölvur

Skjávarpar

Starfsemi **Samhæfni** skiptist í tvö svið, sölusvið og þjónustusvið. Samhæfni veitir alla alhliða tölvuþjónustu á Suðurnesjum og leggur áherslu á þróun og þjónustu í tölvu- og upplýsingatækni.

Söludeild **Samhæfni** er jafnframt umboðsaðili fyrir Opin Kerfi hf. og býður því vönduð vörumerki og veitir ráðgjöf í tölvu- og upplýsingatæknimálum. Í gegnum vefinn og með persónulegri ráðgjöf geta viðskiptavinir nálgast tölvubúnað á skömmum tíma.

Skoðið heimasíðu **SAMHÆFNI** og kynnið ykkur tilboðin

SAMHÆFNI-TÆKNILAUSNIR efh

Hringbraut 96 – 230 Keflavík - Sími: 421-7755

www.samhaefni.is

Kennara-naflaskoðun

Nafn: Thelma Björk Jóhannsdóttir

Hvaða bekkjum kennirðu: 7-9-10

Sefurðu í náttfötum: Nei

Ef þú værir forseti einn dag, hvað myndir þú þá gera: Fara í opinbera heimsókn til Grænlands og reyna að bæta aðstæður þar og gefa nammi.

Með hvaða fótboltaliði heldurðu?: Manchester United

Hvernig er tannburstinn þin á litinn: Glær og grænn.

Uppáhaldsmatur: Brætt suðusúkkulaði og mjólk

...drykkur: Kaffi og vatn

...íþrótt: Jóga

...hljómsveit: Digabighde - ég er í henni vei!

...lag: The weeping song með Nick Cave


...bíómynd: The shining eftir Stanley Kurbick

...bekkur: Ég vel 10. bekk, af því ég kenni þeim ekki aftur. Þau eru líka skemmtilega fríkuð!

Ef þú værir á eyðieyju og mættir taka 3 hluti með þér, hvað myndir þú velja?:
Einn kassa af eldsspýtum, blýant og dagbók.


Mottó: You can pick your nose but you can not pick your friends nose.

Viltu segja eitthvað að lokum: Ég elska ykkur öll og ekkert rifrildi!!!!



TOYOTA


TOYOTASALURINN - Njarðarbraut 19
 Reykjanesbæ
 Sími: 421-4888



Tveir hippar hittu numnu sem gekk við hækjur.
 - Hvað kom fyrir þig? Spurði amar hippinn.
 begar nunnan var baðkerinu, svaraði numnan.
 hippim við himn. Heyrðu, hvað sagði annar
 hippim við ekki. Heyrðu, hvað er baðker?
 - Eg veit það ekki, ég hef aldrei venð i klaustri.

Ný-fiskur Sandgerði

Fresh seafood by air



FISKUR

Framtíðarspá


Allt sem hér stendur er einungis saklaust grín.....:o)

Agnes Valgeirsdóttir: Mun fara í nám til Kaupmannahafnar strax eftir skóla og læra þar fatahönnun. Hún giftist Gústa og eignast þau 3 börn og flytja þau til Einars húsvarðar og stofna þar traktorssölu í skúrnum. Og mun þeim ganga vel með reksturinn en eftir örskamma stund verða allir Sandgerðingar komnir á traktor. En einn daginn ákveða þau að leggja traktorssöluna niður og stofna hlýrabolamarkað.

Auður Björg Kristinsdóttir: Mun flytja austur fyrir fjall og kaupir hún jörðina af Elínu og co og stofnar þar bú og býr þar alveg þangað til hún verður sjötug. En allt í einu ákveður hún að flytja til Reykjavíkur og reynir hún þá að ná inntökuskilyrðum hjá íslenska landsliðinu hjá 60 ára og eldri en nær ekki inn. Þá ákveður hún að flytja aftur austur með Svavari og börnunum sínum tveimur.

Auður Erla Bjarnadóttir: Sá sem lítur í augu Auju sér að hún býr yfir miklu trausti og ró. Og hvaða starf hentar betur fyrir þá með þannig hæfileika en að vera bæjarstjóri? Það er einmitt það sem hún Auja gerir. Fer í háskólann og útskrifast þaðan úr verkfræði. Eftir það er gatan greið í stól bæjarstjórans. Það vill svo vel til að hún og Stefán Valur verða ástfangin svo að Auja verður ekki alveg algjör grænjaxl í djobbinu.

Águst Már Sigurðsson: Þó það sé erfitt að trúa því þá verður Águst leikskólakennari og fær strax starf á Sólborg en honum líst ekkert á fyrirkomulagið þar svo að hann stofnar sinn eigin einkarekna leikskóla sem hann nefnir Gústaborg. Allir verða vitlausir í að setja krakkana sína á leikskólann hjá Ágústi því að hann er svo barngóður. Sólborg fer þó á hausinn en Ágústi er alveg sama. Hann ættleiðir síðan tvö börn því hann getur ekki lifað án barna og hann mun lifa hamingjusamur til œviloka með börnunum sínum.



Ásdís Gestsdóttir: Hún hefur mikið bissnesvit og þess vegna stofnar hún sitt eigið fyrirtæki sem hefur umboð með dreifingu og sölu kamra. Hún kallar fyrirtækið sitt Allir að kúka í kamra ehf. Eftir ágætis frammistöðu á rafmagnsgítarnum á söngvakeppni Samfés þá hringir maður í hana og biður hana að sitja fyrir með glamrandi gítara. Þau verða ástfangin á meðan á myndatökum stendur. Þau gifta sig og flytja til Kambódíu og halda áfram í kamrabissnesinum.

Benedikt Örn Ívarsson: Benni fer í FS að loknu námi við grunnskóla og það væri nú ekki í frásögur færandi nema vegna þess að hann valdi hárgreiðslubraut. Hann fer síðan í Iðniskólann í Reykjavík og útskrifast þaðan sem hárgreiðslumeistari. Hann stofnar sína eigin hárstofu sem hann kallar Lokkar og línur Benna og hún mun ganga vel í fyrstu en fyrirtækið endar á hausnum. Þá fer Benni að taka þátt í dragkeppnum og síðan endar með því að hann verður ástfanginn að sminkunni í klúbbnum. Þau giftast og opna sinn eigin dragklúbb.

Elí Jón Jóhannessen: Að loknum grunnskóla þá fer Elí til Þýskalands. Á röltinu þar í landi þá hittir hann fallegustu konu sem hann hefur séð. Þau mæla sér mótt á litlu sætu kaffihúsi og málin þróast þannig að þau gifta sig og flytjast til Íslands. Hún stofnar módelskóla og tekur Elí í tíma. Hann verður þvílikt góður í að módelast svo að einn daginn þá uppgötvest hann og heldur út í pennan stóra heim. Honum á eftir að vegna vel og prýða margar forsiður stórra tímarita.

Elín Birna Vigfúsdóttir: Elín gerist náttúrufræðingur og finnur tvær nýjar köngulóategundir og kallar þær Elinís Campus og Birniíus Calinus. En eftir skamma stund hringir í hana maður sem segir að hann hafi þegar verið búinn að finna aðra tegundina. Þau ákveða að hittast og ræða málin og mæla þau sér mótt. Elín Birna sem er alveg tilbúin að segja þessum karlandsk..... til syndanna verður ástfangin af honum og hann af henni. Svona eiginleg ást við fyrstu sýn. Þau giftast, kaupa búgarð í Ástralíu og flytja þangað.

Finnbjörn Benónýsson: Eftir grunnskóla þá fer Finnbjörn í Dansskóla Heiðars Ástvaldssonar og lærir alla daga samba, cha cha cha, rúmbu og fleira í þeim dúr. Hann gerist atvinnumaður í dansi. Þegar hann er búinn að dansa af sér alla skó þá ákveður hann að búa til nýja dansa því að hann er orðinn svo leiður á öllum gömlu dönsunum. Hann semur marga dansa en frægast verður "The bear move". Fyrir það fær hann Grammy verðlaunin.

Pá hittir hann Jamie Lynn Spears. Hún verður hans eina sanna en þau eignast engin börn sökum tímaskorts.

Fríða Dís Guðmundsdóttir: Fríða mun halda áfram í tónlistinni eftir að hafa tekið þátt í söngvakeppni Samfés 2003. Enginn annar en sjálfur LA býður henni samning og hún fer þá út með umboðsmanni sínum. Hún slær í gegn en verður síðan þreytt á þessu og kemur heim til Íslands með mann sem hún nældi sér í í Afríku þegar hún var að túra um heiminn. Þau eignast litla afró stráka og verða þeir frægur danshópur.

Garðar Sigurðsson: Eftir skólann þá fer Garðar beint á sjóinn en hann verður að hætta því vegna þess að hann verður svo sjóveikur. En þá ákveður hann að næsta skref í lífi sínu verði að vera eitthvað í alvöru svona til tilbreytingar. Hann fetar í fótspor pabba síns og gerast rollubóndi. Honum ferst það vel úr hendi svo að hann hugsar með sér að fyrst hann er svona góður í þessu fagi af hverju ekki að taka næsta skref. Þess vegna fer hann að framleiða rollufóður. Því miður þá misheppnast það eitthvað og meirihluti rollna í landinu deyr. Þá er Garðar kominn með hausverk og læti svo að hann ákveður að fara bara aftur í skóla.

Gústaf Kristján Gústafsson: Krissi kemst með glæsibrag inn í Kennaraháskólann og útskrifast þaðan á mettíma. Þá fær hann strax vinnu við MR. Þar fellur hann svo vel inn í hópinn að allar stelpurnar verða vitlausar í hann. Eftir nokkur ár þá verður hann þreyttur á kennslunni og snýr sér að jógúrtframleiðslu. Hann giftist feitri og fallegri bóndakonu og þau lifa hamingjusöm til æviloka.

Hannes Arnar Viðarsson: Hannes verður orðinn þreyttur á lífinu um þrítugt og endar inni á Kleppi. Eftir góða meðferð þar á þeim útskrifast Hannes þaðan og býður sig fram til forsetakosninga. Svo skemmtilega vill til að hann rústar Dabba Kóngi og Óla Grís í þessum kosningum og verður næsti forseti. Hann á eftir að breyta landinu til góða, mun t.d. stytta skólatímann og skyldar alla íbúa landsins til að sofa út á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Hergeir Már Rúnarsson: Hergeir á eftir að flytja til Danmerkur og stofnar þar samtök fyrir fólk sem vill hætta að drekka kók. Honum á eftir að líka svo vel í Danmörku að hann sækir um danskan ríkisborgarárétt. Danir verða mjög ákafir í að veita honum þennan rétt því hann hefur hjálpað svo mörgum að hætta að drekka kók og stuðlað að mikilli velliðan. Svo mikilli að allir vilja gera hann að konungi. Það verður gert og hann nær

sér í danska stelpu. Þau giftast og kaupa sér lítið, sætt, rauðt hús og borða frikkadellur í öll mál og drekka vatn með.

Hildur Mekkín Draupnisdóttir: Allir sem þekkja Hildi vita að hún er alltaf í símanum og að hún kann öll símanúmer utan að. Hún fær sér þá vinnu hjá 1818. Hún á eftir að standa sig vel í því starfi og hún verður kosin starfsmaður aldarinnar. Einn daginn þegar hún er að svara í símann eins og venjulega þá heyrir hún þessa undurfögru rödd. Þar er enginn annar en draumaprinsinn og Hildur segir upp starfinu og flyst með honum til Kualalumpur. Þau lifa þar hamingjusöm til æviloka og tína þar saman kókoshnetur.

Íris Stella Heiðarsdóttir: Að loknum grunnskóla þá fer Íris í MR og þaðan í háskóla til að nema stjörnufræði. Þá ákveður hún að fara á Alþingi og þá fyrst mun hún koma Sandgerðingum á óvart. Hún verður nefnilega alltaf með túllann opinn og margir telja hana vera Jóhönnu Sigurðardóttur #2. Íris hittir draumaprinsinn á Alþingi og þó svo að hann sé ekkert rosalega sætur þá eiga þau eftir að lifa hamingjusöm til æviloka í stóra tóma húsinu sínu við Tjörnina.

Katrín Pétursdóttir: Mun fara í fatahönnun í New York í 4 ár og á þessum tíma er hún búin að gera 3 tískusýningar verður hún mjög fræg og fíla næstum allir stílinn hennar í botn sem er mjög ólíkur öðrum stílum. Svo kemur hún aftur til Íslands en líkar ekkert að vera hér á Íslandi að hún fer aftur til New York. Þegar hún er búin að vera í New York í smátíma leggur hún höfuðið í bleytti og ákveður svo að ættleiða 17 börn frá Afríku. Katrín verður einstæð móðir með 17 börn svo verða þau svo mikið leið á New York að hún flytur í strandarhús á Hawaii.

Katrín Salóme Hafþórsdóttir: Kata mun strax finna framtíðaráhugamálið sitt að loknum grunnskóla. Hún fer til London að læra að snyrta og rækta hunda. Hún giftist kennaranum sínum og þau halda til Íslands til að stofna hundahótel. Þau gera það og stækka síðan fyrirtækið með því að opna hótel út um allan heim. Hún á meðal annars eftir að koma fram í Oprah.

Karl Gunnarsson: Kalli er orðinn leiður á þessum ömurlega húmor á Íslandi svo að hann ákveður að stofna sjónvarpsstöð með alvöru húmor. Hann gerir það og stöðin slær í gegn með Kalla í broddi fylkingar. Hann neitar að giftast og ákveður að búa á Hóteli Mömmu það sem eftir er. Eini gallinn við það er að hann þarf að deila herbergi með Mumma bróður sínum.

Linnet Ríkarðsson: Linnet ákveður að hætta þeirri vitleysu að skrópa í skóla og ákveður að fara í háskólann. Þegar hann kemur í háskólann þá fattar hann að hann veit ekki baun í bala hvað hann langar til að verða. Þá fær Þór bróðir hans þá flugu í hausinn að þeir stofni saman nýja verslunardeðju. Þeir gera það og verða ríkir og frægir og kaupa stóra villu saman úti í löndum og bjóða mömmu sinni og pabba að flytjast til sín því að þeir kunna ekki að elda.

Margrét Bjarnadóttir: Eftir að Margrét fór á leilistarnámskeið eina helgina þegar hún var í 9. bekk ákvað hún að fara á leiklistarbraut en þegar hún var útskrifast úr skólanum þá leikur hún í tveimur stórum leikritum og slær rækilega í gegn. Eftir það þá fer hún til Hollywood að reyna fyrir sér. Í einni prufu þá hittir hún hinn fallega Eddie Cibrain. Þau fella hugi saman og giftast og eignast 2 börn.

Margrét Sv. Matthíasdóttir: Að loknum Grunnskóla þá flytur hún til Reykjavíkur og býr í sætu húsi á Laugaveginum. Einn daginn þá ákveður hún að fara í söngprufu á Broadway. Þar hittir hún draumaprinsinn sinn, engan annan en Kristján Gíslason. Þau verða ástfangin og ákveða að flytja til Bandaríkjanna og búa til nýja sápuóperu þar sem þau leika aðalhlutverkin. Sápan verður kölluð The way it goes on. Þau flytja í stórt hús í Beverly Hills og verða rík og fræg. Þau munu eignast 7 börn og 2 hamstra.

María Rán Ragnarsdóttir: María fer beint að vinna eftir skóla og fær vinnu í Samkaupum við að skera og flokka og vigta kjöt. Eftir að hafa unnið þar í rúmlega 7 ár er henni farið að líka svo vel við svínin sem hún er búin að vera að skera þar að hún ákveður að kaupa svínabú. En eftir nokkur dásamleg ár þar þá fer hún að framleiða snyrtivörulínu sem hún nefnir Da Zvine Master. Henni gengur svo vel í þessum rekstri að henni er boðin vinna hjá snyrtivörudeild Apóteksins á Sauðárkróki. Þar hittir hún draumaprinsinn og giftist og lifir þar hamingjusöm til æviloka.

Nensý Þorsteinsdóttir: Nensý á eftir að flytjast aftur til Taílands og vinna þar við stjörnufræði. En það líður ekki á löngu þar til hún uppgötvar að stjörnurnar sjást miklu betur á Íslandi svo að hún flytur aftur til Íslands með sæta karlinn sinn. Þegar hún kemur þangað þá hafði fólk frá Eskimomódel grafið upp gamlar myndir frá því að hún var eitthvað að módelast í Stíl 2002 og þau bjóða henni vinnu.



Sigmar Þór Hjálmarsson: Hann fer beint í Menntaskólanum á Laugarvatni og útskrifast þaðan sem íþróttakennari. Þaðan fer hann til Noregs til að læra að verða jógakennari. Þegar hann er orðinn útlærður jógi þá kemur hann aftur til Íslands og fer að kenna jóga í Púlsinum. Þaðan fer hann í leikskólann til að taka við af Sibbu sem verður kominn á ellilífeyri. Á leikskólanum hittir hann stóru ástina í lífi sínu og þau giftast. Hver ætli það sé??

Stefán Valur Sigurðarson: Stefán fer strax í Húsmæðraskólanum að loknum skóla og lærir þar að prjóna, stoppa í sokka og að elda kjötsúpu. Þegar hann klárar þann skóla þá flyst hann til Sandgerðis og þar gerist hann heimavinnandi húsbóndi og bakar lagtertur og ryksugar húsið sitt með bros á vör. Svo einn dag þegar hann er á námskeiði við að strauja skyrtur þá hittir hann Auju og þið vitið framhaldið.

Valdís Ösp Ingadóttir: Hún Valdís ákveður að fara til Bandaríkjanna eftir framhaldsskóla og gerist þar au pair hjá stórri og ríkri fjölskyldu. Þegar hún er á röltinu í USA þá hittir hún Ricki Lake og hún biður Valdísí að taka við af sér. Hún gerir það og slær gjörsamlega í gegn og á eftir að láta hundruðir Kana líða miklu betur.

Pórunn Kristín Kjærbo: Pórunn var mjög ánægð þegar hún kláraði GS því að hún hefur alltaf þráð að vinna í kirkjugarðinum á Bessastöðum. Hún fær vinnu þar og einn daginn þegarhún er að reyta arfa þá þá er forsetinn hann Hannes að sýna kínverska forsetanum Bessastaði. Þau falla fyrir hvort öðru og hann býður henni inn í kaffi og kökur og giftast þau og eignast 2 börn og 3 hvolpa

SPES
Hár- snyrti- og nuddstofa
Suðurgötu 10
245 Sandgerði
Sími: 423-7953

Kennaraskop!!!

Pórunn Magg: Hendið tyggjóinu

Hrafnhildur: Guð ég er búin að gleyma hvað ég ætlaði að segja

Einar Sveinn: Skólinn hefur ekki endalaust efni á því að eyða í blöð fyrir þig!!

Oddný: Ha hvað segið þið!!

Sigga Pórhalls: Vitið þið að ég er alltaf með kveikt á símanum mínum og ég hleyp í hann þegar hann hringir

Guðjón: Svona er krabbaritgerð, eðluheili og apaheili og auðvitað má ekki gleyma tilfinningakassanum mínum

STYRKTARLÍNUR

SEGLÁS efh. neta- og seglagerð
Tjarnargötu 6 – 245 Sandgerði – Sími: 422-7928

JÖKLALJÓS – kertagerð
Strandgötu 18 – 245 Sandgerði – Sími: 423-7694

HUNDAHÓTELIÐ
Hafurbjarnarstöðum - 245 Sandgerði - Sími: 425-7570

Nemendaskop

Nensý: Guð minn góður!!!!!!!!!

Fríða Dís: I' m a rockchick not fullon popchick

Hrefna: Æææ nú þarf ég að fara að laga á mér hárið.....

Sævar: Sjáið mig ég er sko bestur í körfubolta

Siggi Pórhalls: Sko enginn getur tæklað mig



Brandarar

- Hér hefurðu 1000 krónur, sagði maðurinn
við blinda betlarann.
- Petta eru bara 500 krónur, sagði betlarinn.
- Hvað, ertu ekki blindur?
- Nei, ég er sjálfboðaliði fyrir þann blinda
sem er vanalega á þessu horni.
- Og hvar er hann?
- Hann er í bíó.

Einu sinni dóu þrír menn. Peir fóru upp til himna og við hliðið stóð Lykla-Pétur. Hann spurði fyrstamanninn: „Hvað drapstu marga menn á meðan á dvöl þinni stóð á jörðinni?“ „Engan“ sagði maðurinn og Lykla-Pétur gaf honum geðveikt flotta limmosíu til að keyra á í himnaríki. Lykla-Pétur spurði næsta mann sömu spurningar og maðurinn svaraði „5.“ Sá maður fékk ágætan Yaris til að keyra á í himnaríki. Næsti maður drap 10 og fékk Lödu. Einn dag í himnaríki fóru allir mennirnir í bíltúr og klesstu á Lödumanninn því hann var í hláturskasti. „Hvað er svona hræðilega fyndið?“ spurðu mennirnir. „Ég sé Hitler á þríhjóli!“

Einu sinni sat Maggi maur á bekk þegar allt í einu kemur fíll og segir: Færðu þig annars kúka ég á þig! En Maggi maur vildi ekki færa sig, Þá kúkaði fíllinn á hann og tveimur dögum seinna eftir langa vinnu við að grafa sig úr kúknum sagði Maggi maur: Æ, beint í augað!

Fíll og mús fóru í bíó. Fíllinn settist fyrir framan múnina svo múnin sé ekki. Músinni fannst þetta frekar leiðinlegt og spurði fíllinn hvort hann vildi færa sig. Fíllinn sagði nei og þá sagði múnin: Þá sest ég bara fyrir framan þig þá veistu hvernig mér líður.

Snákur fór til augnlæknis af því að hann sé svo illa. Læknirinn létt hann fá gleraugu og sagði honum að koma aftur eftir tvær vikur til að sjá hvernig hefði tekist til. Þegar snákurinn kom aftur eftir tvær vikur sagði hann: "Petta er alveg glatað!" "Nú," sagði læknirinn "eru gleraugun ekki nóg góð?" "Jú, jú," sagði snákurinn "en ég komst að því að ég hef búið með garðslöngu undanfarin tvö ár."

Fótboltaáhugi

Einu sinni voru þrír fótboltaáhugamenn að þvælast um Sádi Arabíu. Einn hélt með Leeds, annar með Man. Utd. en sá þriðji með Liverpool. Auðvitað voru þeir allir fullir, en það er stranglega bannað í Saudi Arabíu, þannig að þeir voru allir handteknir. Svo voru þeir leiddir fyrir sheikinn. Sem sagði." Vegna drykkuskarpar á almannafærri verðið þið sheikinn. Bætið með 50 svipuhöggum. En vegna þess að í dag er allir hýddir 50 svipuhöggum. Kom svo að því að hýða átti Leedsarann svo hann bað um að fá koddabundinn á bakið á sér og bestu fáanlega læknishjálp ef með þyrfti. Kom svo að því að hann var hýddur, en koddinn dugði ekki nema í 15 svipuhögg þannig að hann varð alblóðugur og næstum dauður eftir þessa meðferð. En hann fékk góða læknishjálp. Síðan kom að United manninum....Hann sagði ég vil fá tvo koddabundna á bakið á mér, og ef með þarf þá bestu læknisaðstoð sem um getur. Svo kom að hýðinguðu. Koddarnir dugðu í 30 svipuhögg. Blóðugur en á lífi fékk United maðurinn góða aðhlynningu og var nokkuð káfur. Loksins kom að Poolaranum. Hann sagði hátt og snjallt...BÆTIÐI VIÐ 200 svipuhöggum og bindið helvítis Unitedmanninn á bakið á mér.

MAMMA MÍA

PIZZUHÚS

HAFNARGÖTU 5 SANDGERÐI SÍMI 423 7377

pær eru ógeðslega góðar pizzurnar í

MAMMA MÍA

Hversu vel þekkirðu vin þinn?

Við fórum á stjá og fundum tvo góða vini í skólanum og athuguðum hversu vel þeir þekkja hvor annan.....

Nafn: Katrín Pétursdóttir

Fæðingardagur & ár: 1.mars 1987

Besti matur: Kjötbollurnar hennar ömmu

Þægilegustu fötin: Allskonar pils

Uppáhalds hlutur: Síminn minn

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Sex and the city & Home and away

Hvað fer mest í taugarnar á þér: Þegar fólk er að reyna að vera annað en það er & fordómar

Á skalanum 1-10 hversu góðir vinir eru þið: 10 við spengjum skalann

Hver er draumaprinsinn þinn: Riddarinn á hvítum hestinum

Og Magga svaraði um Katrínu.....

Fæðingadagur & ár: 1.mars 1987

Besti matur: Kjötbollar m/lauk, brúnni sósu & kartöflum

Þægilegustu föt: Náttföt & pils

Uppáhalds hlutur: ÉG & síminn hennar

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Sex and the city & Home and away

Hvað fer mest í taugarnar á henni: Svitalykt

Á skalanum 1-10 hversu góðir vinir eru þið: 10

Hver er draumaprinsinn hennar: Það veit ég ekki.....

Og þá var það Magga.....

Nafn: Margrét Matthíasdóttir

Fæðingardagur & ár: 23. des 1987

Besti matur: KFC kjúklingur

Þæginlegustu fötin: Stuttbuxur & bolur (náttfötin míni)

Uppáhalds hlutur: Sléttujárnið sem Nökkvi gaf mér

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Sex and the city & Home and away

Hvað fer mest í taugarnar á þér: Svitalykt

Á skalanum 1-10 hversu góðir vinir eru þið: 10

Hver er draumaprinsinn þinn: Kristján Gíslason

Og Katrín svaraði um hana.....

Fæðingardagur & ár: 23. des 1987

Besti matur: KFC kjúklingur

Þægilegustu föt: Náttfötin hennar

Uppáhalds hlutur: Sléttujárnið hennar

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Sex and the city & Home and away

Hvað fer mest í taugarnar á henni: Svitalykt

Á skalanum 1-10 hversu góðir vinir eru þið: 10😊

Hver er draumaprinsinn hennar: Kristján Gíslason

Sjúkrasaga

Einu sinni var stelpa sem sem var á leiðinni heim til sín í frímínútum. En þá gerðist óhapp að hún féll um smástein svo að hún missti meðvitund. Það var brugðist mjög snöggt við af starfsmönnum skólans og kennurum sem voru á reykingarpásu. Það var brunað með hana inn í Keflavík en þar stóð yfir verkfall lækna á heilsugæslunni. Þannig að brunað var með hana inn í Reykjavík á Bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss. Á leiðinni rankaði hún við sér og spurði þessarar týpísku spurningar „Hvar er ég?“. Þegar komið var á Landsspítala Háskólasjúkrahús á bráðamóttöku þá kom læknir og fór með hana inn á stofu, og sagði: „Ég ætla skoða á þér öxlina. Og þá kom í ljós að hún var viðbeinsbrotin.

PIZZA 67

Hafnargötu 30
230 Keflavík

frábærar pizzur á frábæru verði

Simi: 421-4067

The logo features the word "PIZZA" in large, bold, block letters above the number "67". To the right of the number is a stylized peace symbol.



SANDGERÐISBÆR

óskar nemendum Grunnskólans til
hamingju með árshátíðina



Skrifstofa Sandgerðisbæjar

sími: 423-7554 og 423-7555

Sandgerðishöfn sími: 423-7477

Áhaldahús v/Strandgötu sími: 423-7515

Hafnarvigtin sími: 423-7477

Leikskólinn Sólborg sími: 423-7620

Íþróttahús og sundlaug sími: 423-7736


Tónlistarskóli sími: 423-7695

Bókasafn sími: 423-7999

Fræðasetur sími: 423-7551

Miðhús þjónustumiðstöð sími: 423-7949

Grunnskólinn sími: 423-7610



Sparisjóðurinn í Keflavík

start

gottstart.is

Komdu þér í START-holurnar!

- Debetkort eða hraðbankakort hjá Sparisjóðnum
- Kortaveski
- Vefsíðan gottstart.is
 - Fréttir og slúður
 - Leikir og tónlist
 - Aðgangur að Heimabankanum
 - Frí SMS skilaboð
 - Lukkupottur í hverjum mánuði
 - Yfirlit reikninga
 - Hleðsla á GSM-frelsi
- Tilboð þegar greitt er með START-debetkorti:
 - 10% afsláttur í Miss Selfridge og Top Shop
 - 25% afsláttur í Go-kart í Reykjanesbæ
 - Með hverri vídeóspólu fylgir Stjörnupopp í Ný-ung

Pú sækir um START í Sparisjóðnum
eða á gottstart.is